

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/71/ESB

2011/EES/29/30

frá 4. nóvember 2010

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu metóflútríni við í I. viðauka við hana (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Breska konungsríkinu barst 23. desember 2005 umsókn frá Sumitomo Chemical (UK) Plc, í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 98/8/EB, um að færa virka efnið metóflútrín á skrá í I. viðauka hennar fyrir notkun í sæfiefnaflokki 18, skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að hefta önnur liðdýr, eins og flokkurinn er skilgreindur í V. viðauka við tilskipun 98/8/EB. Metóflútrín var ekki á markaði á þeim degi sem um getur í 1. mgr. 34. gr. tilskipunar 98/8/EB sem virkt efni í sæfiefni.
- 2) Að loknu mati lagði Breska konungsríkið skýrslu sína ásamt tilmælum fyrir framkvæmdastjórnina 19. júní 2008.
- 3) Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin endurskoðuðu skýrsluna í fastanefndinni um sæfiefni 27. maí 2010 og voru niðurstöður endurskoðunarinnar teknar upp í matsskýrslu.
- 4) Rannsóknir hafa leitt í ljós að gera má ráð fyrir að sæfiefni, sem eru notuð sem skordýraeitur, mítlasæfar og vörur til að hefta önnur liðdýr og innihalda metóflútrín, uppfylli kröfur sem mælt er fyrir um í 5. gr. tilskipunar 98/8/EB. Því þykir rétt að færa metóflútrín á skrá í I. viðauka við þá tilskipun.
- 5) Ekki hefur verið tekin afstaða til allrar hugsanlegrar notkunar á evrópskum vettvangi. Það er því viðeigandi að aðildarríkin meti þessa notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þessa áhættu fyrir þau umhverfishólf og íbúahópa sem ekki fengu tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu, sem fram fór á evrópskum vettvangi, og við veitingu leyfis fyrir sæfiefnum skulu þau sjá til þess

að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar eða sérstök skilyrði sett til að draga úr tilgreindri áhættu svo að viðunandi teljist.

- 6) Það er mikilvægt að ákvæðum þessarar tilskipunar verði beitt samtímis í öllum aðildarríkjunum til að tryggja jafna meðferð á sæfiefnum sem eru á markaði og innihalda virka efnið metóflútrín og einnig til að greiða fyrir því að sæfiefnamarkaðurinn starfi rétt.
- 7) Áður en virkt efni er fært á skrá í I. viðauka skal veita hæfilegan frest svo að aðildarríkin geti samþykkt nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari.
- 8) Því ber að breyta tilskipun 98/8/EB til samræmis við það.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfiefni,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr:

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 98/8/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr:

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. apríl 2011.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. maí 2011.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 288, 5.11.2010, bls.17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, (biður birtingar).

(¹) Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Eftirfarandi færsla fyrir efnið metóflútrín bætist við í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB:

Nr.	Almennt heiti	IUPAC-heiti Auðkennismúmer	Lágmarkshreinleiki virks efnis í sáefninu við setningu á markað	Dagsetning færslu á skrá	Lokadagur til að uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. (nema um sé að ræða sáefni sem innihalda fleiri en eitt virkt uppfylla ákvæði 3. mgr. 16. gr. sa dagur sem tilgreindur er í síðustu ákvörðuninni um að færa á skrá sem varðar virku efnin)	Færsla á skrá gildir til og með	Sáefni- flokkur	Sértæk ákvæði ¹
„36	Metóflútrín	RTZ hverfa: 2,3,5,6-tetraflúr-4-(metoxýmetýl)bensýl- (1R,3R)-2,2-dímetyl-3-(Z)-(próp-1- enýlsýklóprópankarboxýlat EB-nr.: Á ekki við CAS-nr.: 240494-71-7 Summa allra hverfna: 2,3,5,6-tetraflúr-4-(metoxýmetýl) bensýl(EZ)-(1R,3RS;1SR,3SR)- 2,2-dímetyl-3-próp-1- enýlsýklóprópankarboxýlat EB-nr.: Á ekki við CAS-nr.: 240494-70-6	Virka efnið skal uppfylla báðar, efirfarandi kröfur um lágmarkshreinleika: RTZ hverfa: 754 g/kg Summa allra hverfna: 930 g/kg	1. maí 2011	Á ekki við	30. apríl 2021	18	Þegar aðildarríkin meta umsókn um leyfi fyrir sáefni í samræmi við 5. gr. og VI. viðauka skulu þau meta, þegar við á fyrir tiltekið sáefni, þá notkun eða sviðsmyndir af váhrifum og þessa áhættu fyrir þau umhverfishólf og íbúahópa sem ekki fengu tilhlýðilega umfjöllun í áhættumatinu sem fram fór á evrópskum vettvangi.“

⁽¹⁾ Við framkvæmd sameiginlegu meginreglnanna í VI. viðauka skal vera unnt að nálgast efni og niðurstöður matsskýrslanna á vefsetri framkvæmdasjómárinna: <http://ec.europa.eu/comm/environment/biocides/index.htm>